HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

**ESPAD**
2007

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil

**Ágætu foreldrar,**

Rannsóknir hafa verið samofnar því árangursríka forvarnarstarfi sem unnið hefur verið hér á landi á undanförnum árum. Í febrúar og mars 2007 verður *Evrópska vímuefnarannsóknin* (ESPAD) lögð fyrir alla nemendur í 10. bekk grunnskóla.

Þessi rannsókn hefur gegnt lykilhlutverki í forvarnarstarfi hér á Íslandi frá árinu 1995 líkt og í flestum öðrum löndum Evrópu. Hún verður lögð fyrir í fjórða sinn nú í vor og taka 42 lönd þátt í rannsókninni.

Rannsóknin er gerð með samþykki skólayfirvalda og meðferð upplýsinganna fer í einu og öllu eftir lögum um persónuvernd. Rannsóknin er nafnlaus og upplýsingar verða hvorki raktar til einstaklinga né einstakra bekkja.

Rannsóknarsetur forvarna við Háskólann á Akureyri mun sjá um fyrirlögn rannsóknarinnar í samvinnu við Lýðheilsustöð og fleiri aðila. Nánari upplýsingar um framkvæmd ESPAD 2007 er að finna á heimsíðu rannsóknarinnar www.espad.is.

Öllum er heimilt að neita þátttöku og óskir þú eftir að þitt barn taki **ekki** þátt í könnuninni ert þú beðin(n) um að skrifa undir bréfið og senda það með barninu í skólann fyrir 26. febrúar 2007.

Allar nánari upplýsingar veitir Jóhann Ásmundsson starfsmaður rannsóknarinnar í síma 460-8096 eða í tölvupósti ja@unak.is.

---

Ég óska eftir að ..........................................................................................................................

sem er nemandi í 10. ................ taki **ekki** þátt í ESPAD 2007.

Undirskrift foreldris/forráðamanns: ________________________________

---